

**Ásdís Eva Hannesdóttir**

**Stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins**

**Viðskiptafræðingur, MBA**

**Framkvæmdastjóri Norræna félagsins á Íslandi**



Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins til næstu tveggja ára og vil með því fylgja úr hlaði þeim breytingum sem stjórn hefur gert á fyrirkomulagi sjóðsins síðasta starfsár.

Á starfsárinu var framkvæmdastjóri sjóðsins gerður að starfsmanni sjóðsins og er hann fyrsti starfsmaður hans frá stofnun. Ákveðið hefur verið að innri endurskoðun bankans verði flutt frá rekstraraðilanum og að afloknum ársfundi verða allir stjórnarmenn sjóðsins kosnir af sjóðfélögum. Sú breyting var samþykkt af sjóðfélögum á síðasta ársfundi og er dæmi um virkt sjóðfélagalýðræði. Ásýnd sjóðsins hefur tekið breytingum og var nýtt markaðsefni gert með það að markmiði að ná til mismunandi aldurshópa og má nefna mikilvægi þess að ungt fólk viti að séreignasparnaður getur létt þeim íbúðarkaup.

Ég kom fyrst í stjórn sem fulltrúi launþega þegar ég var formaður Flugfreyjufélags Íslands. Ég hef alla tíð verið kosin af sjóðfélögum og starfað innan stjórnar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Það er vilji minn að stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins haldi áfram að vera skipuð sjö ótengdum einstaklingum sem saman mynda eina heild sem hefur það að markmiði að standa vörð um lífeyrissparnað frelsi og sjóðfélagalýðræði þeirra sem velja að vera í Frjálsa lífeyrissjóðnum.